

1051. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 10. nóvember 2010 kl. 18:15, Kringlunni 7, 0. hæð.

Mættir: Óskar Kristjánsson (ÓK), Hildur Mósesdóttir (HM), Sigurður Sigfússon (SS), Kristinn Örn Jóhannesson (KÖJ), Sigríður Stefánsdóttir (SS Stef), Ingibjörg Ósk Birgisdóttir (IÓB), Ragnar Þór Ingólfsson (RÞI), Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir (GJÓ), Bjarki Steingrímsson (BS), Jón Magnússon (JM), Ásta Rut Jónasdóttir (ÁRJ), Benedikt Vilhjálmsson (BV), Bjarni Þór Sigurðsson (BÞS). Fundinn sat einnig Elías Magnússon (EM), sviðsstjóri rekstrar- og fjármálasviðs VR, og ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

2. Efnahags- og kjaramál.

KÖJ fór yfir þá vinnu sem hefur verið unnin undanfarna daga í kröfugerð VR og ASÍ. Lögð fram vinnugögn varðandi þá vinnu. Farið var yfir kröfugerðina sjálfa, vinnuskjal er tengist kröfugerðinni og síðan vinnuskjal frá samninganefnd ASÍ.

Umræður.

Kröfugerð VR var samþykkt og verður því borin upp á trúnaðarráðsfundi.

Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu um viðræðunefnd VR

„Stjórn VR samþykkir að eftirfarandi skipi viðræðunefnd félagsins í komandi kjarasamningum:

Elías Magnússon, forstöðumaður kjarasviðs VR

Guðmundur B. Ólafsson, lögmaður

Guðrún Erlingsdóttir, formaður VR deildar Vestmannaeyjum og starfsmaður kjarasviðs

Kristín M. Björnsdóttir, formaður VR deildar á Austurlandi og starfsmaður kjarasviðs

Viðræðunefndin starfar í umboði stjórnar og samninganefndar VR og í samræmi við samþykktu kröfugerð.“

Tillagan samþykkt með þorra atkvæða.

3. Lagabreytingar VR

Lögð fram skjöl um lagabreytingar. Umræður.

BS og GJÓ lögðu fram eftirfarandi bókun:

„Við undirrituð hörmum að svo miklar lagabreytingar eins og meirihluti stórnar leggur fram skuli ekki kynntar trúnaðarráði fyrr en á sama degi og afstaða til mikilla lagabreytinga skal tekin.“

Bókun lögð fram af KÖJ fyrir hönd meirihluta stjórnar:

„Meirihluti stjórnar hafnar athugasemdum sem felast í bókun Guðrúnar Jóhönnu og Bjarka og telur ekkert til fyristöðu að lagadrögin sem stjórnin hefur samþykkt verði kynnt Trúnaðarráði.“

Samþykkt með þorra atkvæða

Bjarki leggur fram tillögu um frestun trúnaðarráðsfundar sem boðaður er þann 11.11.
Var tillagan felld með þorra atkvæða gegn 2.

4. Önnur mál.

Engar bókanir eða tillögur voru lagðar fram undir þessum dagskrálið.

Fleira ekki gert.